

## Reglurnar okkar

### Við mætum vel og stundvíslega og tilkynnum forföll tímanlega

Eins og á öðrum vinnustöðum er ætlast til góðrar mætingar. Fjarvistir skal tilkynna tímanlega í síma 411-6540 eða með skilaboðum í gegnum heimasíðuna: [namsflokkar.is](http://namsflokkar.is). Fari fjarvistir niður fyrir 80% fá nemendur viðvörun. Þeir nemendur sem ekki eru komnir í upphafi kennslustundar fá merkt seint í Mentor.

### Við mætum með bækur og gögn

Hafa skal meðferðis þær bækur, gögn og ritföng sem þarf í tíma hverju sinni. Það gæti truflað nám og kennslu ef það gleymist.

### Við erum virk í tímum

Virk þátttaka skilar betri árangri í námi. Við hvetjum nemendur til að spyrja ef þeir skilja ekki og láta skoðanir sínar í ljós í umræðum.

### Við höfum síma án hljóðs sem og titrings í kennslustundum

Símhringingar og að fara úr kennslustund til að tala í síma trufla kennslu. Ef von er á áriðandi símtali er hægt að hafa símann án hljóðs og biðja um leyfi til að fara út ef hringt er úr tilteknu númeri, eins er hægt að láta hringja í Námsflokkana í síma 411-6540 og þá er viðkomandi sóttur inn í tíma.

### Við borðum í kaffistofu nemenda

Það getur truflað kennslu ef nemendur eru að borða í kennslustundum, auk þess sem það getur verið ósnyrtilegt. Ef nemandi fer með drykk inn í kennslustofu eða út úr húsi ber hann ábyrgð á að þrifa upp sull og að skila ílátum inn í eldhús. Einungis má hafa drykki í lokuðum ílátum þegar fartölvur eru notaðar.

### Við reykjum einungis við suðurenda hússins

Öll meðferð tóbaks, nikótíns og rafretta er einungis heimiluð (utandyra) við suðurenda hússins gegn góðri umgengni og snyrtimennsku.

### Við tökum ekki börn, vini né gæludýr með í kennslu

Börn, vinir og gæludýr geta truflað nám og kennslu og því tökum við þau ekki með nema sérstakt leyfi hafi fengist.

### Við pössum upp á eigur okkar

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á persónulegum verðmætum sem þeir hafa meðferðis. Tjón vegna þjófnaðar eða skemmda verður ekki bætt af hálfu Námsflokka.

### Við sýnum hvert öðru kurteisi og virðingu í samskiptum

Það bera allir, bæði nemendur og kennarar, ábyrgð á því að skapa jákvætt og vinsamlegt andrúmsloft. Það gerum við með því að sýna hvert öðru kurteisi og virðingu.

*Viðbrögð við broti á skólareglum fara eftir alvarleika brotsins og við alla málsmeðferð er stuðst við stjórnarsýslulög nr 37/1993. Ef upp kemur agabrot er starfsfólki heimilt að vísa nemendum úr kennslustundum það sem eftir lifir dags og ef um alvarleg og útrekuð brot er að ræða er starfsfólki heimilt að víkja nemenda tímabundið úr skóla.*